

BYGGINGARLÝSING:

Matshluti: 01
 Landnúmer: 201146
 Staðgreinir: 8719-1-92200050

Í samræmi við 1. tölulíð ákvæðis til bráðabirgða í byggingarreglugerð nr. 112/2012 er byggingin undanþegin ákvæðum 6. - 16. hluta reglugerðarinnar. Gilda því ákvæði eldri byggingarreglugerðar nr. 441/1998 um þá þætti sem um ræðir, að því leyti sem slíkt samræmist ákvæðum laga um mannvirki nr. 160/2010. Heimild þessi fellur niður ef byggingarleyfi hefur ekki verið gefið út fyrir 1. janúar 2013. Eftir þann tíma skal fylgt ákvæðum nýrrar byggingarreglugerðar nr. 112/2012 við hönnun byggingarinnar og skulu þá nýjir uppdættir, byggðir á ákvæðum reglugerðar nr. 112/2012, lagðir fyrir leyfisveitanda til samþykktar.

Um er að ræða byggingu frístundahúss úr timbri.

Gólf hússins er úr timburgrind 45x145, einangrað með 150mm steinull. Gólfíð hvílir á timburdegurum sem svo hvíla á steinsteyptum undirstöðum.

Útveggir eru úr 150mm timburgrind, einangraðir með 150mm steinull, klæddir að utanverðu með krossvið, loftunargrind og þá standandi timburklæðningu. Að innanverðu komi rakavarnarlag, raflagnagrind og þá plötuklæðning.

Þakvirki er úr timbri, einangrað með 200mm þakull. Sperrur heilklæddar með borðaklæðningu, þakpappa og málmklæðningu eða sambærilegu.

Gluggar og hurðir eru úr við. Í öllum gluggum er tvöfalt k-gler. Björgunarop eru í hverju svefnherbergi, stærð þeirra er tilgreint á grunnmynd.


Léttir innveggir eru byggðir upp úr 70mm timburgrind er klæðist með plötum beggja vegna og einangrist með 70mm steinull.

Upphitun hússins verður með ofnakerfi, sem fæðist með heitu vatni frá fjarveitu. Lagnir verða staðsettar í lagnagrind í veggjum og lofti, undir plötuklæðningum. Fram kemur á teikningum hvar niðurföll eru staðsett. Frárennsli tengist inn á rotþró skv. lýsingu í deiliskipulagi. Lagnaefni skal allt vera vottað af Nmí.

Fram kemur á teikningu hvar reykskynjarar, slökkvitæki, rýmingarleiðir og björgunarop eru staðsettir. Klæðningar innanhúss séu í flokki 2 (EI-30).

Litaval húss sé skv. ákvörðun eiganda.

Endanleg staðsetning, hæðarlega húss, bílastæði og rotþró ákvarðist í samráði við byggingarfulltrúa.



Ú1	19.09.12	GRG	Frumútgáfa
Útgáfa:	Dagsetn:	Af:	Skýring:

CEDRUS EHF.
 TEIKNI- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA
 MÍTUN 20. 800 SELFÓSS. S: 482-1166
 WWW.CEDRUS @ SIMNET.IS S: 863-3004

ÞÓRISSTAÐIR 2 - lóð nr.5 Grímsnesi - 801 Selfoss Frístundahús 54,8 m²	Teiknínúmer: 100-00
---	-------------------------------

Aðaluppdrættir:
 Afstöðumynd
 Byggingarlýsing

Mælikvarði:
 1:500

Hannað: Gísli Rafn Gylfason	Teiknað: Gísli Rafn Gylfason
Dagsetning: 19.09.2012	Verknúmer: 12 046
Ábyrgðarm. og réttthafi: Björgvin Vígundsson	Frumstærð: A2
	040546-2009